

Rangárvallahreppur  
Guðmundur Ingi Gunnlaugsson, sveitarstjóri  
Laufskálum 4  
850 Hella

2001020073  
8607; 9310

Reykjavík, 11. maí 2001  
/ÞFB

### **Efni: Hekluvegur eystri, Rangárvallahreppi. Ákvörðun um mat á umhverfisáhrifum**

Vísað er til erindis Rangárvallahrepps dags. 21. febrúar 2001, þar sem óskað er eftir athugasemdum Skipulagsstofnunar við veitingu framkvæmdaleyfis hreppsnefndar Rangárvallahrepps á endurbótum Hekluvegar eystri.

Bréfi Rangárvallahrepps til Skipulagsstofnunar fylgdi:

- Áætlun Vegagerðarinnar um framkvæmdina dags. 21. október 2000.
- Afrit af álitum Náttúruverndar ríkisins til Rangárvallahrepps um endurbætur á vegslóðum austan Heklu dags. 18. ágúst 2000.
- Samþykkt hreppsnefndar Rangárvallahrepps dags. 20. febrúar 2001.

Samkvæmt gögnum Vegagerðarinnar er gert ráð fyrir tilfærslum á vegslóðum á svæðum sem lúta sérstakri vernd skv. 37. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd. Samkvæmt 6. gr. og lið 10 b í 2. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum er enduruppbygging vega utan þéttbýlis á verndarsvæðum tilkynningarskyld framkvæmd til ákvörðunar um matsskyldu. Ofangreind framkvæmd fellur undir lið 10. b í 2. viðauka laganna og er því háð ákvörðun Skipulagsstofnunar um hvort hún skuli háð mati á umhverfisáhrifum.

#### **Framlögð gögn**

Samkvæmt framlögðum gögnum er um að ræða lagfæringu á vegslóða Hekluvegar eystri þ.e. frá Fjallabaksleið syðri inn á Landmannaleið sem hefur í för með sér nýlagningu á tiltölulega stuttum köflum, meðal annars yfir eldhraun sem lúta sérstakri vernd skv. lögum um náttúruvernd. Heildarefnisþörf í framkvæmdina er um 20.000 m<sup>3</sup> þar af um 15.000 m<sup>3</sup> úr skeringum og um 5.000 m<sup>3</sup> úr námu í suðurhlíðum Rauðkemberga.

#### **Álit Rangárvallahrepps og Náttúruverndar ríkisins**

Í álitum Náttúruverndar ríkisins kemur fram að stofnunin geti fallist á úrbætur á Hekluvegi án mats á umhverfisáhrifum enda verði haft samráð við stofnunina um tilfærslur á slóða, gerð

verði áætlun og skýringarmyndir af breytingunum, gerð verði grein fyrir efnistöku, tekið verði mið af 37 gr. laga um náttúruvernd, framkvæmdin verði undir eftirliti eftirlitsráðgjafa Náttúruverndar ríkisins, núverandi slóðum verði fylgt með þeim undantekningum sem greint er frá, raski og breytingum á landslagi verði haldið í lágmarki við efnistöku og vegagerð, jafnhliða endurbótum verð gerðar ráðstafanir til að leggja af notkun annarra slóða á svæðinu með merkingum og viðeigandi ráðstöfunum. Álitið er gefið með fyrirvara um ákvörðun Skipulagsstofnunar um matsskyldu og framkvæmdaleyfi sveitarstjórnar.

Í bréfi Rangárvallahrepps kemur fram að ekki sé talin þörf á mati á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar. Fram kemur að Rangárvallahreppur hafi samþykkt að heimila framkvæmdir við endurbætur á Hekluvegi eystri enda verði í hvívetna fylgt áætlun Vegagerðarinnar og skilyrði Náttúruverndar ríkisins virt.

### **Niðurstaða Skipulagsstofnunar**

Um er að ræða lagfæringu á vegslóða Hekluvegur eystri þ.e. frá Fjallabaksleið syðri inn á Landmannaleið sem hefur í för með sér nýlagningu á tiltölulega stuttum köflum. Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 6. gr. og lið 10 b í 2. viðauka í lögum nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun telur að framkvæmdin mun hvorki hafa verulegt jarðrask í för með sér né veruleg áhrif á landslag verði umgengni um framkvæmdasvæðið með þeim hætti sem lýst er í framlögðum gögnum Vegagerðarinnar og að uppfylltum kröfum Náttúruverndar ríkisins.

Í samræmi við 6. grein laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 hefur Skipulagsstofnun farið yfir þau gögn sem lögð voru fram af hálfu Rangárvallahrepps. Á grundvelli þessara gagna er niðurstaða Skipulagsstofnunar sú að endurbætur á Hekluvegi eystri séu ekki líklegar til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háðar mati á umhverfisáhrifum.

Samkvæmt framlögðum gögnum hefur þegar verið veitt framkvæmdaleyfi vegna framkvæmdanna. Skipulagsstofnun vekur athygli á að samkvæmt 16. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum er óheimilt að gefa út leyfi fyrir framkvæmd samkvæmt 6. gr. laganna nema fyrir liggi ákvörðun um að framkvæmd sé ekki matsskyld eða úrskurður um mat á umhverfisáhrifum. Skipulagsstofnun minnir jafnframt á stefnu Svæðisskipulags miðhálandis Íslands 2015 varðandi framkvæmdina.

Samkvæmt 6. grein laga nr. 106/2000 má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til umhverfisráðherra. Kærufrestur er til 12. júní 2001.

Þóroddur F. Þóroddsson

Afrit. Umhverfisráðuneytið og Náttúruvernd ríkisins

